



Menningarmál

Samþykkt fyrir menningarmálanefnd

1. grein

Menningarmálanefnd Vopnafjarðarhrepss heyrir beint undir sveitarstjórn. Nefndin fer með hlutverk menningarmála í umboði sveitarstjórnar.

2. grein

Í menningarmálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Jafnmargir fulltrúar til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar. Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um. Nefndin kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi. Nefndin skipar einn úr sínum hópi ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

3. grein

Helstu verkefni menningarmálanefndar eru að:

- móta stefnu í þeim málaflokkum er heyra undir nefndina.
- vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast menningarmálum
- auglýsa til umsóknar styrki til menningarstarfs, annars vegar verkefnastyrki og hins vegar styrki til almennrar listastarfesmi
- gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði menningarmála
- stuðla að fjölbreyttu menningarlífi, svo sem bókmenntakynningum, fyrirlestrum, leiksýningum, listsýningum, tónleikum og o. fl.
- efna til sérstakra menningardaga
- veita árleg menningarverðlaun eftir nánari ákvörðun nefndarinnar
- hafa umsjón með opinberum listaverkum og minnisvörðum
- fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni.



4. grein

Boðað skal til funda að ákvörðun formanns eða ef a. m. k. tveir fulltrúar óska þess. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna eða staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar.

Nefndin skal halda gerðabók. Ritari, sem nefndin kys sér, færir fundargerð í gerðabókina.

5. grein

Formaður og aðrir fulltrúar í menningarmálanefnd skulu snúa sér til sveitarstjóra til að fylgja eftir samþykktum nefndarinnar.

6. grein

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði Sveitarstjórnarlaga.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leiti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Staðfest í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps